

Aðalfundur Lífeyrisdeildar SFR haldinn að Grettisgötu 89, 4.apríl 2018 kl.14.00.

Mættir voru 22 félagsmenn.

Bjarndís Júlíusdóttir setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og tilnefndi Kristínu Ernu Arnardóttur starfsmann SFR sem fundarstjóra og Guðrúnú Maríu Hjálmsdóttur sem fundarritara.

Breyting varð á dagskrá að fyrst ávarpaði fundinn varaformaður SFR Bryndís Theodórsdóttir. Hún talaði um samfélagsmál, tæknina sem er væntanleg á vinnumarkaðinn á komandi árum. Hún lýsti lífinu á sinni ævi og miklum breytingum og bar saman kynslóðir fyrr og nú.

Síðan var gengið til auglýstrar aðalfundar dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar. Bjarndís flutti skýrslu stjórnar i fjarveru formanns Kistrúnar B. Jónsdóttur. 15 stjórnarfundir voru haldnir á árinu. Venjuleg starfsemi var á árinu eins og undanfarin ár.

Jónsmessuferð í Þjórsárdal. Ferðin heppnaðist vel og lauk með kvöldverði í boði SFR.

Sviðamessa í október. Matur frá Nóatúni og Þórður A. Marteinsson spilaði á harmonikku. Einnig var fjöldasöngur.

Jólahátíð í desember. Veitingar voru frá eldhúsinu og hið vinsæla happadrætti að vanda og fjöldasöngur.

Þorrablót i febrúar. Matur frá Múlakaffi og Ólafur Beinteinn Ólafsson spilaði á harmonikku og píanó. Ólafur stýrði söng og flutt voru minni karla og kvenna.

Bjarndís bar okkur kveðjur og þakkir fyrir samstarfið á sl. árum frá Kistrúnunum B.Jónsdóttur formanni sem var fjarverandi.

2. Reikningar deildarinnar. Bjarndís gjaldkeri las upp reikninga ársins sem voru samþykktir. Eign í árslok 2017 er kr. 333.943.-
3. Reikningar og starfsemi Símenntunarsjóðs. Guðrún María fjárhaldsmaður skýrði frá starfsemi sjóðsins og las upp ársreikninginn. 15.maí var 13 styrkjum úthlutað og 15. nóvember 12 styrkjum úthlutað að upphæð kr. 346.280.- Eign sjóðsins er kr. 978.166.- Reinkinguð Símenntunarsjóðs var samþykktur.
4. Kosning stjórnar. Fyrst var kosning formanns LSFR. Tvö framboð bárust. María B. Gunnarsdóttir og Ingibjörg Óskarsdóttir. Þær kynntu sig og María lagði áherslu á að virkja 3.grein laganna. Hún talaði um að fréttir frá Landsambandi lífeyrisdeilda BSRB kæmu í fréttablaðið okkar. Einnig talaði María um að fá afnot af bílastæðum BSRB frítt meðan á fundum stendur. Ingibjörg var varaformaður SFR 1996 – 2002.

Kosningin til formans var leynileg og kosningastjóri var Hrannar Gíslason starfsmaður SFR. Hrannar tilkynnti niðurstöður og hlaut Inibjörg 14 atkvæði og María 8 atkvæði. María óskaði eftir að ganga úr stjórn.

Aðrir sem voru í framboði til stjórnar eru:

Sölvi Arnarson
Ólafur Loftsson
Sigurður Helgi Helgason
Jan Agnar Ingimundarson
Lena Hákonardóttir
Guðrún María Hjálmsdóttir.

Voru þau öll kosin í stjórnina.

5. Skoðunarmenn reikninga voru kosnir:

Eyjólfur Magnússon
Sigurður Skúlason.

6. Önnur mál.

Rætt var um há póstburðargjöld og spurning um að rafræna fréttablaðið. Málinu vísað til næstu stjórnar.

Samþykkt var ályktun aðalfundarins 4.apríl 2018 sem senda þarf fjölmöglum og ráðherra.

Guðrún María þakkaði fráfarandi stjórn sérstaklega gott samstarf og samhug sl. 6 ár

Sigurður Helgi Helgason þakkaði traustið og fór með vísu.

Ingibjörg Óskarsdóttir nýr formaður þakkaði traustið og stuðninginn og sleit fundi.

Kaffi og meðlæti var eftir fundinn í boði SFR.

Guðrún María Hjálmsdóttir,

fundarritari.